

37. Stjórnarfundur FENÚR.

Haldin **22. nóvember 2001** á skrofstofu Sorpu, Gufunesi. Mættir; Gunnar Bragason, Ragna Halldórsdóttir, Björn Halldórsson, Ingi Arason, Pétur Bjarnason, Guðmundur Tryggvi Ólafsson og í síma Jóhannes Pálsson.
Forföll Ásmundur Reykdal ritari.

1. Fundargerð síðasta fundar 2. október samþykkt.

2. LCA málið, innheimta styrkja.

Tekist hefur að afla 700 þúsund . Einn reikningur endursendur. Fjáröflun lokið.

3. Merkingar.

Björn greinir frá því að u.þ.b. helmingur útsendra reikninga vegna flokkunarmerkinga hefur verið greiddur. Pöntunar- og afgreiðsluferli að fullmótast.

4. Haustfundur Fenúr á Akureyri.

Um 40 manns sóttu haustfund Fenúr sem haldin var á Akureyri 2. nóvember s.l. Þykir fundurinn hafa tekist vel í alla staði. Gunnar og Pétur hafa tekið að sér að senda þakkarbréf og Björn mun taka saman helstu atriði fundarins til birtingar á heimasíðu FENÚR.

5. Stafshópar

Urðun, brennsla og spilliefni (ubs),

Stýrihóppur hefur komið saman og hafið skipulagningu að hópastarfi o.fl.

Lagahópur

Jóhannes hópstjóri leggur til að fulltrúum hópsins verði komið betur á framfæri t.d. í umhverfisráðuneytinu. Jóhannes leggur einnig til að vinna hópanna verði að mestu undirbúningur fyrir ráðstefnur á hausti og á aðalfundardegi en síðan verði stofnaðir vinnuhópar um einstök verkefni samanber LCA málið og flokkunarmerkingarnar. Verkefni um gerð leiðbeininga um rotþrær og seyrumeðhöndlun rætt.

6. Fjármál.

Jóhannes fór yfir stöðu fjámála FENUR, staðan viðunandi.

7. STENÚR.

Lagadrögin verða væntanlega kynnt í ríkisstjórn 23. nóvember nk. Í drögunum er gert ráð fyrir að vinnslugjald verði lagt á; samsettar umbúðir, dekk og bíla.

8. Önnur mál.

Ingi Arason tilkynnir breytingu á starfsvettvangi. Hættir hjá Gámapjónustunni hf. um áramót og hefur störf hjá AVIS.

Heimasíða. Uppfærsla síðunar hafin og líkur væntanlega í 2. viku desember.

...gto